

Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

Mánudaga - fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – sunnudaga	kl. 10 – 18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is

Heilsueflandi samfélag

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Október 2019

HVATARBLAÐIÐ



**Húsvörður við Félagsheimilið Borg,
Kerhólsskóla og stjórnsýsluhús
Grímsnes- og Grafningshrepps**

Laust er til umsóknar starf húsvarðar við Félagsheimilið Borg, Kerhólsskóla og stjórnsýsluhús Grímsnes- og Grafningshrepps. Um er að ræða fullt starf með sveigjanlegum vinnutíma.

Starf húsvarðar felst meðal annars í:

- ✓ Útleigu og þrifum á Félagsheimili.
- ✓ Lokun húsanna seinni part dags.
- ✓ Umsjón/eftirliti með öryggiskerfum húsanna.
- ✓ Móttöku pantanna og skráningu á útleigu Félagsheimilisins.
- ✓ Gæta að aðgengi húsanna með tilliti til snjóá og hálku.
- ✓ Minniháttar viðhaldi á mannvirkjum, umhverfi, áhöldum, tækjum og tæknibúnaði sem tilheyrir Félagsheimilinu.

Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur og hafa góða færni í almennum samskiptum. Gerð er krafa um að húsvörður hafi aðsetur á Borg og getur húsnaði fylgt starfinu.

Umsækjandi þarf að sýna fram á hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til sveitarstjóra á netfangið gogg@gogg.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 24. október n.k. Öllum umsóknum verður svarað. Jafnframt er óskað eftir að umsókn fylgi framtíðarsýn umsækjenda á notkun og útleigu hússins.



FUNDARGERÐ.

464. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. september 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. ágúst 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. ágúst 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 22. fundar fjallskilaneftar, 19. ágúst 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 182. fundar Skipulagsneftar Uppsveita, 28. ágúst 2019.

Mál nr. 6, 7 og 13 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 182. fundargerð Skipulagsneftar Uppsveita, dags. 28. ágúst 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Sviðaveisla

Sviðaveislan í **Miðengi** verður
föstudaginn 8. nóv. n.k.

Maggi Kjartans spilar að venju.

**Lopapeysukeppnin verður að sjálfsögðu,
allir eru hvattir til þess að mæta í lopapeysum.**

**Það verða svið, saltkjöt og hrossabjúgu í boði með
tilheyrandi.**

Pantanir þurfa að berast **fyrir**
miðvikudagskvöldið 6. nóvember 2019

Verð kr. 3.000,-
Miðapantanir í síma 865-4422 eða
netfang: helga@midengi.is



Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land Austurvegi 3
LÖGMENN



ÁRTANGI

669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16

Kryddjurtir í
úrvali



Verið hjartanlega velkomin.


Snjalltækjanámskeið fyrir lengra komna

Grímsnes- og Grafningshreppur býður eldri borgurum og öðrum að sitja framhaldsnámskeið um snjalltæki og notkun þeirra fimmtudaginn 17. október milli 16:30 og 18:30.

Hámark 8 manns í hóp.

Kennari verður Leifur Viðarsson.

Það þarf að skrá sig annað hvort með að hringja á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-5500 eða senda tölvupóst á oddviti@gogg.is



Mál nr. 6: 1908037 - Selhólsvegur 7A-D; Kónsvegur 15A-C; Breytt stærð, breytt heiti og skipting lóða.

Fyrir liggur umsókn Gerðar Sigríðar Tómasdóttur, dags. 7. ágúst 2019 um breytingu á skráningu lóða við Selhólsveg 7A-B-C-D. Umsókninni fylgir lóðablað frá EFLU og er í samræmi við deiliskipulag sem tók gildi 5. febrúar 2018.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu á skráningu skv. framlögðu lóðarblaði.

Mál nr. 7: 1902037 - Neðra-Apavatn lóð (L169296); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús með risi.

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 14. ágúst 2019 er að nýju lögð fram umsókn Finnu Birnu Steinsson og Baldurs Hafstað, dags. 01.03.2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með svefnlofti 137,7 m² á sumarhúsalóðinni Neðra-Apavatn (L169296) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lagðir hafa verið fram breyttir aðaluppdrættir með breyttu útliti hússins sem og grunnmyndum frá fyrri grenndarkynningu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á Neðra-Apavatni L169296, með fyrirvara um niðurstöðu nýrrar grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 13: 1908002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 104.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst 2019.

c) Fundargerð 37. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 23. ágúst 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð stjórnar byggðasamlagsins Bergrisans bs., 26. ágúst 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Staða fjárhagsáætlunar.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2019 eftir fyrstu átta mánuði ársins.

4. **Lýðheilsu- og tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggja drög að breyttum reglum fyrir lýðheilsu- og tómstundastyrk Grímsnes- og Grafningshrepps. Í drögunum er bætt við að tónlistarnám á vegum Tónsmíðju Suðurlands falli ekki undir styrkveitinguna nú þegar sveitarfélagið hefur gert samstarfssamning við Tónsmíðjuna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að lýðheilsu- og tómstundastyrk fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

5. **Heilsuefandi samfélag.**

Á fundinn mætti Gígja Gunnarsdóttir fyrir hönd Landlæknisembættis Íslands með kynningu á verkefninu Heilsuefandi samfélag. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu Heilsuefandi samfélag og felur oddvita / sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.

6. **Skógræktin.**

Á fundinn mættu Hreinn Óskarsson og Hrefna Jóhannesdóttir fulltrúar Skógræktarinnar til að ræða lands- og landshlutaáætlanir og lykilhutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum.

7. **Áskorun til umhverfisráðherra, ríkisstjórnar og sveitarfélaga Íslands frá Samtökum grænkeri á Íslandi.**

Fyrir liggur bréf frá Samtökum grænkeri á Íslandi dagsett 20. ágúst 2019 þar sem skorað er á umhverfisráðherra, ríkisstjórn og sveitarfélög Íslands að draga úr neyslu dýraafurða. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. **Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna Ársþings SASS, aðalfunda Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.**

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 22. ágúst 2019 þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands verður. Ársþingin verður á Hótel Geysi, dagana 25. og 26. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps verða Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson.

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámostöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. október til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámostöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Ath.
breyttur opnunartími á sunnudögum og
sumartíminn lengdur til 30. september.

www.sveitir.is
Upplýsingar um ferðaþjónustu og
viðburði í Uppsveitunum.



Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00



Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknariturnum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020

Feðgaverk

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

9. **Bréf frá Landssambandi íslenskra vélsleðamanna varðandi uppsetningu forvarnarskiltis og bílastæða við Bragabót norðan Lyngdalsheiðar.**

Fyrir liggur bréf frá Landssambandi íslenskra vélsleðamanna dagsett 25. ágúst 2019 þar sem félagið lýsir yfir áhuga til að setja upp varanlegt forvarnarskilti við Bragabót og óskar eftir leyfi sveitarfélagsins til verksins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra / oddvita að vinna áfram að málinu.

10. **Tölvupóstur frá Guðjóni Bragasyni og Eygerði Magnúsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna stefnu í úrgangsmálum.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðjóni Bragasyni og Eygerði Magnúsdóttur dagsett 26. ágúst 2019 þar sem kynnt er umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna stefnu í úrgangsmálum. Lagt fram til kynningar.

11. **Tölvupóstur frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps vegna þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps dagsett 22. ágúst 2019 vegna þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Ákveðið hefur verið að boða til fundar vegna málsins og verður Ása Valdís Arnadóttir fulltrúi sveitarstjórnar á fundinum.

12. **Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.**

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 21. ágúst 2019 og nú tekið fyrir að nýju.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir harðlega þeim áformum sem koma fram í þingsályktunartillögu sveitarstjórnarráðherra að beita lögbvingunum til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að virða lýðræðislegan rétt íbúa til að eiga val um það með kosningarétti sínum hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á

hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið valkostur en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra. Mikið er lagt upp úr tveimur atriðum, lýðræði og sjálfstjórnarrétti í tillögu ráðherra og telur sveitarstjórn að tillaga um lágmarksfjölda íbúa sé í algerri andstæðu við þær lýðræðislegu áherslur sem koma fram að öðru leyti í tillögunni.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 548. stjórnarfundar 16.08 2019.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 198. stjórnarfundar 20.08 2019.
- ✓ Umsögn IOGT um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- ✓ Ungmennafélagið Hvöt, ársreikningur 2017.
- ✓ Ungmennafélagið Hvöt, ársreikningur 2018.
- ✓ Vottunarfélagið Tún, ársreikningur og skýrsla stjórnar 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:55

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Mosfellssóknar verður haldinn þriðjudaginn 15. október kl. 20:00 á Gömlu Borg.



Sóknarnefndin.

Rúlluplast

Kæru bændur,

nú þegar rúlluplastið fer að safnast upp aftur þá er vert að minna á eftirfarandi:

Rúlluplast verður að vera hreint til að Gámþjónustan taki það.

Ef plastið er ekki hreint sbr. mynd, þá er það ekki tekið sem þýðir aukna vinnu fyrir ykkur við að farga því.

Óhreint rúlluplast fer í almennt rusl sem þýðir að þá er sveitarfélagið = **þið** að borga fyrir förgun á rúlluplastinu, sem er annars kostnaðarlaust.



Skógrækt á lögbýlum

Á síðustu árum hefur komið í ljós að skógar vaxa betur hér á landi en bjartsýnasta fólk gerði ráð fyrir. Skógræktin býður landeigendum til samstarfs um að rækta skóg á sínu landi í verkefni sem kallast skógrækt á lögbýlum.

Skógrækt skapar margvísleg tækifæri fyrir landeigendur. Skógar mynda fljótt skjól og bæta lífsskilyrði manna og dýra. Ef vel tekst til við ræktun skóganna á fyrstu árum geta þeir farið að skila viðarnytjum úr fyrstu grisjunum innan 25 ára. Þeir veita einnig ýmis önnur gæði s.s. ber og sveppi eða skjól fyrir ræktun lands og búfé. Land þar sem skógur vex er verðmætara en skóglaut land og hafa jarðir þar sem nytjaskógar eru ræktaðir fengið hækkað lánshæfismat. Síðast en ekki síst vernda skógarnir jarðveg, binda kolefni úr andrúmsloftinu og draga þar með úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga.

Ræktunaráætlanir eru gerðar áður en skógrækt hefst og er leitast við að laga skógana þannig að landslagi að sem minnst neikvæð áhrif verði af þeim t.d. vegna útsýnis, snjósöfnunar eða annarra þátta. Sveitarstjórn þarf að samþykkja skógræktaráætlanir áður en landeigendur hefja framkvæmdir.

Skógræktarráðgjafar Skógræktarinnar starfa í öllum landshlutum, þjóna þar bændum og öðrum landeigendum og aðstoða við umsóknir.

Umsóknarferli áður en landeigendur geta hafið skógrækt tekur töluverðan tíma.

- Fyrst er sótt um þátttöku og er lágmarksstærð fyrirhugaðs skógræktarlands 10 ha.
- Þá er væntanlegt skógræktarsvæði skoðað og metið af skógræktarráðgjafa.
- Þegar land hefur verið samþykkt af ráðgjafa er sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélags.
- Þegar það liggur fyrir er hægt að gera skógræktarsamning um landið.
- Í kjölfarið hefst vinna við nánari kortlagningu og áætlanagerð fyrir skógræktarsvæðið.
- Áður en skógarbóndi hefur framkvæmdir skal hann sækja grunnnámskeið í skógrækt.

Skógræktin hvetur landeigendur til að skoða þá möguleika og framlög sem bjóðast til skógræktar. Nánari upplýsingar eru á vef Skógræktarinnar www.skogur.is/skograektalogbylum

FUNDARGERÐ.

465. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. september 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Varaoddviti leitar afbrigða við útsenda dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

Þjónustusamningur við Loftmyndir ehf.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. september 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. september 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 14. fundar húsnefndar, 1. september 2019.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 14. fundargerð húsnefndar, dagsett 1. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Mál nr. 1: Húsvörður.

Fyrir liggur að níverandi húsvörður muni láta af störfum um næstu áramót. Í starfi húsvörðar felst að vera húsvörður félagsheimilisins Borgar, skólahúsnæði Kerhólsskóla og stjórnsýsluhúss sveitarfélagsins. Húsnefnd Félagsheimilisins Borgar leggur til við sveitarstjórn að starfi húsvörðar verði skipt upp og að félagsheimilið verði aðskilið frá stjórnsýsluhúsi og skólahúsnæði. Að auglýst verði eftir húsverði sem eingöngu sér um félagsheimilið, útleigu þess, þrif og eftirlit og að íbúð á efri hæð hússins geti fylgt starfi húsvörðar sé þess þörf. Jafnframt leggur húsnefndin áherslu á að í umsóknum um starf húsvörðar komi fram framtíðarsýn umsækjenda á notkun og útleigu hússins. Sveitarstjóra falið að auglýsa stöðuna í samræmi við umræður á fundinum.

b) Fundargerð 183. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 11. september 2019.

Mál nr. 12 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 183. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 11. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 12: 1908004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 105.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september 2019.

c) Fundargerð frá fundi Oddvitanefndar UTU, 2. september 2019.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð frá fundi Oddvitanefndar UTU, dagsett 2. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Mál nr. 4: Framtíðin.

Farið var yfir fundargerð oddvitanefndar UTU frá 2. september s.l. Þar var farið yfir seyruverkefnið í heild sinni, hvernig sumarið gekk, stöðuna varðandi tæmingar, þjónustustig, framtíðina, kostnaðarskiptingu og verkstöðu á byggingu aðstöðuhúss á Flúðum. Jafnframt er lagt til að ráðinn verði sameiginlegur

Átt þú árskort í Íþróttamiðstöðina Borg?

Í Íþróttamiðstöðinni Borg má finna sundlaug, heita potta, gufubað, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal með öllum helstu tækjum og tólum til að stunda hinar ýmsu íþróttir. Íþróttamiðstöðin er opin sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00-22:00


Föstudaga er lokað

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-18:00

Hægt er að leigja íþróttasalinn í skemmri eða lengri tíma og er það gjaldfrjálst fyrir þá sem eiga árskort í íþróttamiðstöðina.

Það er því tilvalið fyrir fjölskyldur eða vini að hittast og sprikla saman í íþróttasalnum sem er vel útbúinn.

- Árskort fyrir íbúa 17 ára og eldri með lögheimili í sveitarfélaginu er 8.000.- krónur
- Árskort fyrir íbúa 10 – 16 ára með lögheimili í sveitarfélaginu er 3.500.- krónur.



Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum 15 – 20 ára styrk til framhaldsnáms.

Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfestingu á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið gogg@gogg.is
- Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.

Grímsnes- og Grafningshreppi 20. desember 2017

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



starfsmaður inn í seyruverkefnið sem tengiliður milli fasteignaæiganda og seyruverkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ráðningu umrædds starfsmanns og að Ingibjörg Harðardóttir sitji í starfshópi um ráðninguna. Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir upplýsingum um áætlaðan kostnað þegar hann liggur fyrir.

- d) Fundargerð 65. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 8. maí 2019.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) Fundargerð 66. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 12. júní 2019**

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 66. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. dagsett 12. júní 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Mál nr. 1: Ársreikningur

Ársreikningur embættisins lagður fram og yfirfarinn. Rekstur embættisins kostaði 143.753.294 kr. og var seld þjónusta embættisins 7.364.746 kr. Framlög sveitarfélaganna voru 136.388.548 kr. og er kostnaðarskipting sveitarfélaganna eftirfarandi:

Grímsnes- og Grafningshreppur 45.711.800 kr. eða 33,5%

Bláskógabyggð 37.005.373 kr. eða 27,1%

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 18.948.793 kr. eða 13,9%

Flóahreppur 13.770.229 kr. eða 10,1%

Hrunamannahreppur 11.810.729 kr. eða 8,7%

Ásahreppur 9.141.625 kr. eða 6,7%

Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn og minnir á að í samþykktum fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. stendur „að ársfund samlagsins skuli halda einu sinni á ári að jafnaði á hausti“. Enginn ársfundur var haldinn árið 2018 og komið er að hausti þessa árs og ekki komið fundarboð enn.

Sveitarstjórn var búin að óska eftir breytingum á samþykktum samlagsins vegna kostnaðarskiptingar þar sem tæknisvið embættisins hefur verið lagt niður. Sveitarstjórn ítrekar mikilvægi þess að samþykktir embættisins verði skoðaðar og þar með kostnaðarskipting aðildarsveitarfélaganna.

f) Fundargerð 67. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 10. júlí 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 5. fundar stjórnar Laugaráslæknishéraðs, 11. september 2019.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 5. fundargerð stjórnar Laugaráslæknishéraðs, dagsett 11. september 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Mál nr. 2: Atvinnumálastefna Uppsveitanna.

Lögð var fram tillaga að sameiginlegri atvinnustefnu fyrir aðildarsveitarfélögin samhliða vinnu við sóknaráætlun SASS. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps.

h) Fundargerð 10. fundar stjórnar Bygðasafns Árnesinga, 3. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 4. fundar byggingarnefndar Búðarstígs 22, 3. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2019.


Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldin á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík dagana 3. og 4. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að fara á ráðstefnuna.

4. Bréf frá Persónuvernd um úttekt Persónuverndar á tilnefningu persónuverndarfulltrúa.

Pokana sem nota á í
brúntunnuna er hægt að fá **frítt** í Sundlauginni á Borg



PUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunnuna.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

**ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS**



Jólamarkaður Kvenfélags Biskupstungna

verður haldinn í Aratungu laugardaginn 30. nóvember frá kl 13-17.

Handverk, ullarvörur, jólavörur, grænmeti, skartgripir, tombóla ofl. Tilvalið í jólapakkann! Hið víðfræga kökuhlaðborð kvenfélagskvenna verður á sínum stað! Keppt verður um frumlegasta piparkökuhúsið í þremur flokkum: 10-12; 13-15 ára og fullorðinsflokk.

Glæsilegir vinningar í boði. Þið ykkar sem hafið eitthvað skemmtilegt upp á að bjóða eruð vinsamlegast beðin um að panta borð tímanlega.

Borðapantanir og nánar upplýsinga má senda á netfangið maggys@simnet.is

The Christmas market of the Womens Association

in Biskupstungur will be held in the community center Aratunga in Reykholt on Saturday the 30th of November from 13-17hrs.

Hand made local products and food, Christmas ornaments, jewellery and treats.

You can shop all your Christmas presents there! This year, our Gingerbread house competition will be held in the categories 10-12; 13-15 years of age and grown ups.

Fantastic winnings for the most original Gingerbread house! Come and experience the famous coffee and cake buffet and try your luck at the raffle! **Those of you who have something fun and Christmassy for sale are kindly requested to book a table in time.**

Table orders and more information can be sent to maggys@simnet.is.

Fyrir liggur bréf frá Persónuvernd, dagsett 26. ágúst 2019 vegna úttektar persónuverndar á tilnefningu persónuverndarfulltrúa. Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Jafnréttisráði þar sem óskað er eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2019.

Fyrir liggur bréf frá Jafnréttisráði, dagsett 2. september 2019 þar sem óskað er eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2019. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um jafnlaunavottun sveitarfélaga.

Fyrir liggur minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 3. september 2019 um jafnlaunavottun sveitarfélaga. Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem upplýst er að í ár verði minningardagur um þá sem hafa látist í umferðarslysum þann 17. nóvember.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 27. ágúst 2019 þar sem upplýst er að í ár verði minningardagur um þá sem hafa látist í umferðarslysum, þann 17. nóvember n.k. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila.

Fyrir liggur bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, dagsett 3. september 2019 þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila. Sveitarstjóra / oddvita falið að vinna málið áfram.

9. Úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 818/2019.

Fyrir liggur Úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 818/2019, dagsettur 10. september 2019. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 9, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 30. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 9, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 11, Grímsnes - og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 30. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

12. Bréf frá Guðna Geir Einarssyni, sérfræðing hjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem sveitarfélaginu er bent á að kynna sér drög að nýjum reglum um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga sem hafa verið birtar á samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Fyrir liggur bréf frá Guðna Geir Einarssyni, sérfræðing hjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 3. september 2019 þar sem sveitarfélaginu er bent á að kynna sér drög að nýjum reglum um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga sem hafa verið birtar á samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Lagt fram til kynningar.

13. Birtar til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Fyrir liggur að birtar eru til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

14. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og afmörkun



Villibráðarhlaðborð

Farmers Bistro í Flúðasveppum

16. nóvember 2019 kl. 19:30.

Pantanir í s: 519-0808 eða á

booking@farmersbistro.is

Garðastígur 8, 845 Flúðir

Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð úr hráefni úr nærumhverfi.

Verð 12.900 kr. á mann.

Ottó Magnússon matreiðslumeistari og Karl Steinar Óskarsson, snillingar í villibráð verða gestakokkar hjá okkur.

Þeir munu töfra fram fjölda rétta ásamt starfsfólki Farmers Bistro.

Kvarts kvartettinn frábæri leikur fyrir gesti.

Fordrykkur: Gulrótar kokteillinn Georg mikli

Forréttir: Heilreyktur Hvítárlax, sveppagratineraður lax, bleikjutartar taco, bleikju ballotina, hrefnu tastaki og míní gæsaborgarar

Aðalréttir: Sous vide gæs, gæsalæra confit, hreindýrabollur, hreyndýrapaté, fugl dagsins, lamb, hrossalund, andar-appelsínusalat, svartfugl, lifrapaté og fleira góðgæti

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og afmörkun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lagt fram til kynningar.

15. Önnur mál.

a) Þjónustusamningur við Loftmyndir ehf.

Fyrir liggur þjónustusamningur við Loftmyndir ehf. um viðhald á landfræðilegum gögnum. Samningurinn tekur mið af eldri samningi milli Loftmynda og aðildarsveitarfélaga Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning.

Til kynningar

- ✓ Leikfélagið Borg, ársreikningur 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 873. stjórnarfundar, 30.08.2019.
- ✓ Vottunarfélagið Tún, fundargerð aðalfundar 27.08.19.
- ✓ Persónuvernd, ársskýrsla 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:50

Spjaldtölvu og snjallsímanámskeið fyrir byrjendur

Grímsnes- og Grafningshreppur býður eldri borgurum og öðrum að sitja námskeið um spjaldtölvu og snjallsíma fimmtudaginn 10. október milli 16:30 og 18:30.

Farið verður yfir hvernig snjalltæki virka og hvernig nota má internetið sér til ánægju.

Hámark 8 manns í hóp.

Kennari verður Leifur Viðarsson en hann hefur haldið nokkur snjalltækjanámskeið, meðal annars fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu í vor.



Það þarf að skrá sig annað hvort með að hringja á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-5500 eða senda tölvupóst á oddviti@gogg.is

Danskur skólahópur frá 127 manna eyju heimsótti Kerhólsskóla

Nemendur og starfsmenn Kerhólsskóla fengu nýlega skemmtilega fjögurra daga heimsókn þegar danskir grunnskólanemendur frá eyjunni Anholt heimsótti skólann. Íbúar eyjunnar eru aðeins 127 en hún liggur á milli Danmerkur og Svíþjóðar. Anholt skole er minnsti skólinn í Danmörku en í skólanum eru 14 nemendur í grunnskóladeild og 3 börn í leikskóladeild. Hann er eins og Kerhólsskóli að því leiti að í báðum skólum er leik- og grunnskóladeild. Öll börn grunnskóladeildarinnar komu til Íslands, ásamt kennurum og nokkrum foreldrum, alls 31. „Þau höfðu samband við okkur í fyrra og langaði að koma af stað samstarfi. Við sóttum um styrk úr Nordplus en fengum ekki, þannig að þau söfnuðu fyrir sinni heimsókn hingað í tvö ár. Við ætlum að sækja um aftur á næsta ári og erum að skoða hvort við komumst þá til þeirra í heimsókn“, segir Alice Petersen, kennari í Kerhólsskóla.

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá

Starfsmenn Kerhólsskóla skipulögðu fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á meðan heimsókninni stóð, bæði í skólanum og svo var farið í nokkrar skoðunarferðir. Þema yngsta stigsins var söngur og samvera, miðstigið var með þjóðsögur og náttúruna og unglingastigið tók fyrir heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Út frá þemunum var ákveðið að fara saman í ferðir en farið var einn daginn á Þingvöll og annan dag var farið að skoða orkusýninguna í Ljósafossvirkjun.

Þá var farið í sund á Borg þar sem börnin skemmtu sér saman. „Þar sem Kerhólsskóli er talin lítill skóli með 73 nemendur í grunn- og leikskóladeild fannst okkar börnum gaman að heyra frá gestunum hvað væri gaman að vera í svona stórum skóla þar sem næðist í góð lið í fótboltanum. Nemendur og starfsmenn skólanna náðu vel saman og stefnir Kerhólsskóli á að heimsækja Anholt skole ef styrkir fást til fararinnar“, segir Jóna B. Jónsdóttir, skólastjóri Kerhólsskóla.

MHH

Sameiginlegur yndisskógur á Borg

Gert hefur verið samkomulag milli sveitarfélagsins, Kerhólsskóla og Skógræktarfélags Grímsneshrepps um sameiginlegan yndisskóg í landi sveitarfélagsins að Borg. Markmið verkefnisins er að gera yndisskóg þar sem íbúar og gestir sveitarfélagsins geti notið útiveru í skjólgóðu og fallegu umhverfi. Einnig að gera fólki kleift að njóta útivistar með það að markmiði að efla lýðheilsu og að stuðla að fræðslu og efla félagslega innviði samfélagsins.





Hópmynd af dönsku og íslensku nemendum þar sem hópurinn átti saman fjóra góða daga í Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ljósmynd/Alice Petersen.



Það var mikið fjör í sundlauginni á Borg þegar íslensku og dönsku krakkarnir sameinuðust þar í leik. Ljósmynd/Magnús Hlynur Hreiðarsson.



Félagsheimilið Flúðum

Konur í Lions - Málþing á Flúðum laugardaginn 26. október nk.

Aðalræðumaður:
Hilde Straumsheim, GAT-stjóri
Norðurlandanna (NSR) Noregi.
(Gleður verða þýddar á íslensku).

Aðrir framsögumenn:
Halldóra Hjörleifsdóttir,
oddviti Hrunamannahrepps.
Eva Björk Harðardóttir,
oddviti Skaftárhrepps.
Guðrún Hafsteinsdóttir
markaðsstjóri Kjöriss í
Hveragerði.

Eflur konur til félagsstarfa.

Lærum hver af annarri.

Eigum saman skemmtilega stund!

Allar konur hjartanlega velkomnar.

Málþingið hefst

kl. 10:00 og stendur til kl. 16:00.

Léttar veitingar 16-17.

Skráning hjá lions @ lions.is merkt Málþing.



Hilde Straumsheim



Guðrún
Hafsteinsdóttir



Eva Björk Harðardóttir



Halldóra
Hjörleifsdóttir

Svavar Knútur trúbador
skemmtir.



TOMBÓLAN 2019 — TAKK FYRIR YKKAR FRAMLAG!

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt sína 94. Tombólu á Grímsævintýrum 10. ágúst síðastliðinn. Í ár voru fjöldi vinninga 2.500 stk og engin núll þannig að allir fengu skemmtilega, eða misskemmtilega eins og sumir lenda í vinninga, til að taka með sér heim. Allur ágóðinn af Tombólunni rennur til góðra málefna en í ár safnaðist 950.000kr. Á haustfundi félagsins var samþykkt að bæta við 150.000kr þannig að heildar styrkuppþæð ársins er 1.100.000kr.

Eftirfarandi styrkúthlutanir voru samþykktar á haustfundinum:

SÍBS Líf og heilsa – 200.000 kr.

Sjóðurinn Góði – 200.000 kr.

Hjálparsveitin Tintron – 400.000 kr.


Barna- og unglingastarf Ungmennafélags Hvatar – 100.000 kr.

Barna- og unglingastarf Leikfélagsins Borgar – 100.000 kr.

Barna- og unglingastarf Hestamannafél. Trausta – 100.000 kr.

Þannig að það má með sanni segja að allir gestir, styrktaraðilar, félagskonur og fjölskyldur þeirra hafi sameinast um að safna fyrir þessum þörfu gjöfum, því segjum við bara einfaldlega – **TAKK fyrir þitt framlag**, hvort sem það var í formi tombóluvinninga, kaup á tombólumiðum, vinnuframlags eða beinum styrk.

Sjáumst á Grímsævintýrum 8. ágúst 2020



Hautfrí fjölskyldunnar

Dagana 19 og 20, 26 og 27 október 2019
2fyrir1 á öllum barnaréttum
Frí kynning um Flúðasveppi ásamt innliti í
sveppaklefa kl 15:00 þessa daga

Farmers Bistro
Opið 12:00-17:00 alla daga
Bókanir í síma 5190808 eða a
booking@farmersbistro.is



Dagskrá eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi í október
Matur í boði alla virka daga frá 12:00

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Fös	Lau	Sun
	1 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	2 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	3 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	4	5	6
7 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	8 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	9 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	10 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið 16:30 - 18:30 Spjaldtölvu og snjallsíma námskeið fyrir byrjendur (þarfnast skráningar)	11	12	13
14 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	15 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	16 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	17 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið 16:30 - 18:30 Spjaldtölvu og snjallsíma námskeið fyrir lengra komna (þarfnast skráningar)	18	19	20
21 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	22 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	23 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	24 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið	25	26	27
28 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur	29 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	30 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 17:00 Félagsheimilið Flúðum Fyrirlestur með Janusi um heilsueflingu	31 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur			